



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2019

R15090119

6620

Borgarráð

Póstnúmer 102 Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki að greiða kostnað vegna stofnunar nýs póstnúmers í Vatnsmýrinni að upphæð 2.320.000 kr auk virðisaukaskatts. Kostnaðurinn verði tekin af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Greinargerð:

Þann 17. janúar 2019 samþykkti borgarráð að farið væri á leit við póstnúmeranefnd Íslandspósts hf. að Vatnsmýrin fái póstnúmerið 102. Samþykkt var að sá hluti póstnúmers 101 sem er sunnan Hringbrautar breytist í póstnúmerið 102 og að mörk við póstnúmer 107 og 105 haldist óbreytt. Þann 21. janúar 2019 sendi Reykjavíkurborg erindi þess efnis til póstnúmeranefndar, 28. maí sl. barst hjálagt erindi frá póstnúmeranefnd þar sem fallist var á erindið.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá póstnúmeranefnd, dags. 28.05.2019

Reykjavíkurborg
 Dagur B. Eggertsson
 Tjarnargata 11
 101 Reykjavík

Reykjavík 28.05.2019
 PNN-908/19


Póstnúmer 102

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar dags. 21. janúar sl. vegna póstnúmers 102 sem afmarkast af Suðurgötu í vestri, Hringbraut í norðri, Bústaðavegi og Öskjuhlíð í austri og strandlínu í suðri sbr. meðfylgjandi uppdrátt.


Póstnúmeranefnd hefur fallist á erindi yðar en til þess að hægt sé að ljúka vinnslu vegna stofnun nýs póstnúmers hefur borgin fallist á að greiða kostnað vegna þessa kr. 2.320.000 auk virðisaukaskatts

Því staðfestist hér með að þessi vinnsla Póstsins vegna stofnunar póstnúmersins 102 er hafin.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Karl Guðjónsson
 Formaður póstnúmeranefndar



Póstnúmer 102 afmarkast af:
Suðurgötu í vestri
Hringbraut í norðri
Bústaðavegi og Öskjuhlíð í austri
Strandlínu í suðri

